

■ FERLIÐ EFTIR AÐ BEIÐNI HEFUR VERIÐ AFHENT AF RÁÐGJAFARSTOFU

- Gögnum skal skilað inn til héraðsdóms þar sem umsækjandi á lögheimili.
- Ekkl þarf að greiða fyrir þingfestingu.
- Héraðsdómari tekur við beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar, leggur mat á öll gögn og sker úr um hvort umsækjanda skuli veitt heimild til að leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunar.
- Umsækjandi er kallaður fyrir héraðsdómara.
- Ef héraðsdómari fellst á beiðni skuldara um heimild kveður hann upp úrskurð þess efnis.
- Ef héraðsdómari synjar beiðni um heimild má skjóta úrskurði hans til Hæstaréttar innan viku frá uppkvaðningu héraðsdóms.

■ FERLIÐ EFTIR AÐ HEIMILD ER VEITT

1. Ef heimild er veitt skipar dómari umsjónarmann sem hefur að jafnaði eina viku til að setja sig í samband við skuldara.
2. Umsjónarmaður birtir því næst innköllun í Lögbirtingablaðinu. Innköllun er birt tvisvar og hafa kröfuhafar fjórar vikur til að lýsa kröfum eftir fyrir birtingu.
 - Í innkölluninni kemur fram hvar og hvenær fundur verður haldin með kröfuhöfum, hann þarf að halda innan tveggja vikna frá því að kröfulýsingarfrestur rann út. Á fundinum hafa kröfuhafar tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og eftir atvikum mótmælum.
 - Skuldara ber að gefa þær skýringar sem lánardrottinn leita eftir.
 - Skuldara er gefinn kostur á því að gera breytingar á greiðsluáætlun að teknu tilliti til athugasemda sem fram koma, ef svo á við.
3. Þegar greiðsluáætlun skuldara er orðin endanleg tekur umsjónarmaður afstöðu til þess hvort hann mæli með að greiðsluaðlögun komist á eða ekki, til þessa hefur hann eina viku.
4. Ef umsjónarmaður er meðmæltur greiðsluaðlögun boðar hann skuldara á sinn fund og afhendir honum greinargerð sína og frumvarp. Umsjónarmaður sér um að senda lánardrottnum greinargerðina og samþykkt frumvarp.
5. Skuldari leggur því næst fram skriflega beiðni til héraðsdóms ásamt greinargerð og frumvarpi umsjónarmanns innan viku frá því að hann fékk frumvarpið frá umsjónarmanni.
6. Þegar krafa um staðfestingu samnings hefur borist héraðsdómi er efni frumvarpsins og dagsetning þinghalds auglýst í Lögbirtingablaðinu og kröfuhöfum gefið færi á að hafa uppi andmæli gegn staðfestingu við þinghald. Fyrirvari á þinghaldi skal vera lágmark vika.
7. Synji héraðsdómari kröfu um staðfestingu frumvarps má skjóta úrskurði hans til Hæstaréttar og verður það að gerast innan tveggja vikna frá uppkvaðningu héraðsdóms.

■ ÁÆTLAÐUR TÍMARAMMI

Meðferð hjá héraðsdómi eftir að beiðni um heimild hefur verið lögð inn tekur að jafnaði sex vikur (á við um héraðsdóm Reykjavíkur og Reykjaness, búast má við að styttri biðtími sé hjá öðrum héraðsdómstólum).

Meðferð hjá umsjónarmanni tekur að jafnaði um átta vikur.

Meðferð hjá héraðsdómi eftir að krafist hefur verið staðfestingar tekur að jafnaði eina viku.